

## Leiðbeiningar um slökkviæfingar í brennandi húsum.

Slökkviliðsstjórar skulu styðjast við eftirfarandi leiðbeiningar þegar hús eru brennd í æfingaskyni. Tilgangurinn með þeim er að minnka líkurnar á því að ófyrirséð hættu skapist fyrir slökkviliðsmenn og eignir í nágrenninu og að slökkvilið / sveitarsjóður verði bótaskyldur vegna brunans. Með slökkviliðsstjóri hér á eftir er einnig átt við stjórnanda æfingarinnar ef hann er annar en slökkviliðsstjóri.

Leiðbeiningarnar taka ekki til húsa sem byggð eru sérstaklega sem æfingahús í þessum tilgangi.

Ekki skal nota æfingabruna til að kanna fyrirkomulag útkalla og viðbragð slökkviliðs. Sé þess óskað, skal æfingin vera í tveimur hlutum, annars vegar skal útkallið kannað og síðan skal, eftir að tæki eru uppstillt og vatn komið á sbr. liði 4 – 5, eldur borinn að húsinu og slökkvistarfið æft.

## Ákvæði laga um slökkviæfingar

Í lögum nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál eru ákvæði um slökkviæfingar og eru þau talin upp hér á eftir.

### 7. gr

*Allir verkfærir menn 18-60 ára að aldri, sem hafa fasta búsetu í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga allt að 20 klukkustundir á ári og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum samkvæmt nánari reglum um útköll.*

### 14. gr

*Ef slökkviliðsstjóri óskar þess skal lögregla annast löggæslu við slökkviæfingar og slökkviliðsstörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæslulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgangið svæði sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, vernda brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveita muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.*

## Almenn atriði varðandi slökkviliðsmennina.

- a. Nýliðar sem taka þátt í æfingunni skula hafa tekið þátt í grunnnámskeiði, m.a. um eðli elds, reykköfun og hættur sem slökkvistörfum eru samfara
- b. Allir sem taka þátt í æfingunni skulu þekkja húsið, t.d. með því að hafa gengið um það undir leiðsögn

## Eignarhald á húsinu og leyfi.

Ganga skal úr skugga um og fá eftirfarandi atriði staðfest skriflega:

Hver sé eigandi hússins og að hann heimili að húsið sé brennt.

Að ekki shvíli veð á húsinu (veðbókarvottorð).

Að húsið sé ekki brunatryggt.

Hvernig farið verði með húsið eftir æfinguna (niðurrif, förgun, frágangur á grunni, vöktun) og hver beri kostnað af því.

Jafnframt þarf að ganga frá samstarfi við lögreglu og önnur yfirvöld.

## Skoðun og mat á húsinu.

Slökkviliðsstjóri skal skoða húsið með tilliti til þess hvort það sé nothæft til æfinga. Kjallarar skulu að jafnaði ekki notaðir.

- Kanna skal hvort milligólf, veggir stigar og handrið séu nægjanlega sterk og stöðug til að þola brunann.
- Meta skal líkur á því hvort hrúnið geti úr loftum eða hvort þungir hlutir geti farið í gegnum timburgólf (t.d. eldavélar, miðstöðvarofnar o.fl.). Slíka hluti skal fjarlægja eftir því sem unnt er, ella skal ekki æft undir slíkum gólfum.
- Meta skal stöðugleika reykháfs ef hann er til staðar (einkum í timburhúsum).
- Fjarlægja skal auðbrennanlega klæðningu (óvarið einangrunarplast, tex o.þ.h.) og annað sem gæti hraðað mjög útbreiðslu elds og valdið yfirtendrun á skömmum tíma. Varast skal húsnæði með mjög mikið brunaálag.
- Fjarlægja skal efni sem mynda sérstök, hættuleg efnasambönd við bruna, bæði fyrir slökkvilið og umhverfi.
- Loka skal öllum götum í gólfum sem slökkviliðsmenn þurfa að fara um, eða girða þau af á öruggan hátt.
- Athuga skal hvort koma þurfi fyrir reyklosunarbúnaði í þaki hússins vegna neyðarrýmingar.
- Fjarlægja skal olútanka og aðra lokaða geyma sem geta sprungið eða opna þá þannig að sprengihætta sé ekki fyrir hendi.
- Aftengja skal heimæðar fyrir rafmagn, vatn og hita í götu.

## Skoðun og mat á umhverfi hússins.

Slökkviliðsstjóri skal meta hvort það sé hættulegt umhverfinu að slökkviæfing fari fram í húsinu.

- Meta skal hvort fjarlægðir til næstu húsa seu nægjanlega miklar breiðist eldur út. Varast ber að ofmeta áhrif þess að vindur standi af nálægum húsum. Hafa þarf í huga hitageislun, eldtungur, neistaflug og hrun á húsinu og mögulegar, tímabundnar varnir fyrir nærliggjandi hús.
- Meta skal hvort hætta sé á að eldur eða neistaflug geti skemmt gróður.
- Meta skal hvort hætta sé á að reykur berist að sjúkrahúsum, elliheimilum eða á þá staði þar sem reykurinn getur skapað hættu eða gangsett brunaviðvörðunarkerfi.
- Meta skal hvort hætta sé á að reykur valdi hættu á vegum og gangstéttum

### **Hús sem ekki eru metin örugg eftir skoðun samkvæmt liðum 4 – 5 skulu ekki notuð til slökkviæfinga**

## **Tæki og búnaður slökkviliðs og vatn til slökkvistarfa.**

Fyrir æfinguna skal slökkviliðsstjóri láta kanna sérstaklega allan búnað sem nota á. Búnaðurinn skal yfirfarinn og prófaður eftir því sem hægt er og gengið skal úr skugga um að hann sé í lagi

- Slökkviliðsstjóri skal meta vatnspörf við æfinguna miðað við að húsið verði alelda. Aðgengilegt vatn sem fæst með dælingu skal vera minnst 50% meira en áætluð vatnspörf. Tengt skal við brunahana, dæling tryggð úr sjó eða vatni eða vatnsöflun tryggð á annan hátt og prófuð.
- Nauðsynlegar slöngur lagðar.
- Slökkvilstarf og neyðarrýming hússins skal skipulagt.
- Dælur skulu vera minnst þrjár og skal hver dæla afkasta minnst 50% af áætlaðri vatnspörf. Séu dælur fleiri en þrjár skulu þær dælur sem eftir eru, ef ein bilar, afkasta minnst 100% af áætlaðri vatnspörf.
- Gera skal ráð fyrir afmörkuðu svæði utan áhættusvæðis fyrir slökkvi- og lögreglubíla (muna eftir óvæntri breytingu á vindátt og hruni úr húsinu).
- Hafa skal sjúkrabíl á staðnum eða annan búnað vegna mögulegra meiðsla slökkviliðsmanna.
- Slökkviliðsmenn skulu vera í hlífðarfatnaði og með reykköfunartæki, hvort tveggja viðurkennt af Brunamálastofnun ríkisins.
- Slökkviliðsstjóri skal vera í beinu fjarskiptasambandi við þá sem taka þátt í æfingunni og eru inn í húsinu.

## **Áður en kveikt er í.**

Afla skal upplýsinga um veður og kanna stuttu fyrir íkveikju hvort veðurspá sé breytt. Þetta atriði er sérstaklega mikilvægt þegar hús eru brennd í þéttbýli.

Ganga skal úr skugga um að hvorki séu menn eða dýr í byggingunni og ekkert sé komið inn í hana sem valdið getur hættu frá því úttektin var gerð. Sá sem annast íkveikjuna skal sjálfur ganga um húsið strax áður en íkveikjan er gerð.

## Íkveikjan

Skipa skal sérstakan mann til að kveikja í – ekki slökkviliðsstjórann. Hann skal vera þjálfður slökkviliðsmaður og búinn reykköfunartækjum. Einnig skulu fylgja honum inn í húsið menn búnir reykköfunartækjum með slöngu.

Ekki má kveikja nema á einum stað í einu.

Nota skal efni til íkveikunnar með þekktum eiginleikum til að draga úr líkum á því að þróun brunans verði óvænt.

Hafa skal mannaðar varaslöngur (back up) undir þrýstingi tiltækar fyrir hvern þann hóp manna sem fæst við eldinn í húsinu. Varaslangan skal afkasta minnst 360 l/mín og skal stjórnað af þjálfuðum slökkviliðsmanni. Varaslanga skal ekki fædd frá sömu dælu og vinnuslöngur. Í hverjum hópi skal minnst 1 af hverjum 5 vera þjálfður slökkviliðsmaður með reynslu í slökkvistarfi.

## Áhorfendur og fréttamenn

Afmarka skal æfingasvæðið með því að strengja viðvörunarborða umhverfis það, þannig að áhorfendur séu utan þess svæðis sem slökkviliðið þarf til að athafna sig.

Ef fréttamönnum er hleypt inn á æfingasvæðið skulu þeir ætíð vera í fylgd slökkviliðsmanns sem sér um samskipti við þá og ber ábyrgð á þeim.

## Önnur atriði

Láta skal nágranna og aðra aðila sem málið varðar vita um æfinguna með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

## Gátlisti, slökkvíaefingar í brennandi húsum.

Slökkviliðsmenn	Já	Nei	Á ekki við
Hafa þeir sem eiga að fara inn í húsið lokið námskeiði 2. s.hl.			
Er stjórnandi reykkafara með réttindi sem slökkviliðsmaður.			
Er stjórnandi fyrir hvern hóp reykkafara.			
Er tímatafla og fjarskipti til staðar fyrir reykkafara.			
Er búið að kynna reykköfumum öryggisreglur.			
Eru reykköfunartæki skoðuð og loftkútar fullhlaðnir (300 bar).			
Er galli, hanskar, hetta, hjálmur og stígvél í samræmi við reglugerð.			
Eru undirföt að viðurkendri gerð.			
Hefur neyðarrýming verið æfð og skipulögð.			
<b>Eignarhald leyfi.</b>			
Er skriflegt leyfi lögreglust. fyrir hendi um bálkesti og brennur. Reglug. 7.des.2000			
Hefur eigandi undirritað leyfi til að nota húsið til æfinga (brenna það)			
Er til veðbókavottorð um að ekki eru veðbönd á húsinu. (Undirritað)			
Er vottorð frá tryggingarfélaginu um að húsið er ekki í tryggingu. (Undirritað)			
Er samningur um niðurrif, förgun, vöktun og hver beri kostnað af frágangi.			
<b>Skoðun og mat á húsinu.</b>			
Hefur verið, kannað milligólf, veggi, stiga og handrið hvort það sé nothæft.			
Hefur verið metið hættu af kyndibúnaði, þungum ofnum og reykþáf.			
Er of mikið brunaálag í húsinu.			
Er sprengi hætta í húsinu.			
Er "asbest" klæðning í húsinu.			
Er búið að aftengja rafmagn, loka fyrir heitt og kalt vatn við götutengingu.			
<b>Mat á umhverfi hússins.</b>			
Er fjarlægð í næsta hús nægjanlega mikið svo ekki stafi hætta af.			
Er hætta á gróður skemmdum. (Sina, trjágróður)			
Er hætta á að reykur berist í aðrar byggingar. (Sjúkrahús, elliheimili t.d.)			
<b>Tæki og búnaður slökkviliðs. Vatn til slökkvistarfs.</b>			
Hefur slökkviliðsstjóri metið vatnspörf.			
Aðgengilegt vatn með dælingu skal vera minnst 50% meira en áætluð vatnspörf.			
Hafa nauðsinlegar slöngur verið lagðar.			
Dælur skulu vera að minnsta kosti 3. og hver afkasta 50% af áætlaðri vatnspörf.			
Hefur verið komið fyrir lokun á hættusvæði.			
Hefur verið afmarkað svæði fyrir lögreglu og sjúkrabíl,			
Er sjúkrabíll á staðnum.			
<b>Íkveikja.</b>			
Er öryggisslanga undir þrýstingi mönnum á meðan á æfingu stendur.			
Er ein öryggisslanga fyrir hvern hóp sem er við æfingu í húsinu.			

---

Afkastar öryggisslanga að minnsta kosti 360 l/min.			
Er öryggisslanga á sér lögn.			
Er magn af eldsneyti til uppkveikju eðlilegt.			
<b>Áhorfendur og fréttamenn.</b>			
Er aðstaða fyrir fréttamenn og áhorfendur.			
Hefur verið skipaður tengiliður við fréttamenn.			
<b>Önnur atriði.</b>			
Láta skal neyðarlínu og nágrana vita um æfinguna með góðum fyrirvara.			